

# Bættur námsárangur á Austurlandi

## Tilkynning til foreldra nemenda í 6. bekk

**Í haust hefja leik- og grunnskólar á Austurlandi átak til að efla lestur og stærðfræðipækkingu barna í fjórðungnum. Verkefnið hefur hlotið nafnið Bættur námsárangur á Austurlandi. Verkefnið er hugsað sem fimm ára ferli til að bæta námsárangur nemenda á Austurlandi. Áherslan er til að byrja með á læsi og reikniaðgerðirnar fjórar.**

**Skimun eftir lestrarerfiðleikum hjá nemendum í 6. bekk ásamt skimun með Talnalykli** verður gerð í skólanum í október. Kennsluráðgjafar Skólaskrifstofu Austurlands munu sjá um að leggja skimun með ákveðnum hlutum prófins Logos<sup>1</sup> fyrir nemendur. Athugaður verður leshraði og lesskilningur, lestur með hljóðaðferð og lestur út frá rithætti auk stafsetningar hjá nemendum. Niðurstöður skimunar sýna stöðu nemenda í hundraðsröð miðað við jafnaldra í þeim þáttum sem prófaðir eru. Þá verður skimað eftir erfiðleikum í reikningsaðgerðunum fjórum með fyrirlögn hluta úr prófinu Talnalykill. Talnalykill er greinandi stærðfræðipróf sem gefið er út af Námsmatsstofnun.

Niðurstöðum skimana verður skilað til umsjónarkennara, sérkennara og skólastjóra á sérstökum fundi og í framhaldi af þeim fundi fá foreldrar upplýsingar sendar um stöðu barna sinna í lestri, stafsetningu og reikningsaðgerðunum fjórum.

Gert er ráð fyrir góðu samstarfi við foreldra vegna heimalesturs nemenda og aðstoð í stærðfræðináminu í framhaldi af skimunum.

Með bestu kveðjum,

Björg Þorvaldsdóttir kennsluráðgjafi

Jarprúður Ólafsdóttir kennsluráðgjafi

**Skólaskrifstofu Austurlands**

---

<sup>1</sup> Logos er rafrænt lestrarpróf sem lagt er fyrir nemendur til að meta hvort þeir eiga við lestrarerfiðleika að etja. Það er í 14 hlutum en við skimun verða einungis lagðir fyrir nokkrir þættir eins og áður segir. Ef nemendur sýna slakan leshraða og lesskilning við skimun er mikilvægt að kanna nánar undirstöðuþætti lestrar með því að leggja fyrir allt Logosprófið.

